Leiðbeiningar fyrir Borgarvefsjá

Slóð: https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/

þar er almenningi veittur aðgangur að öllum helstu landupplýsingum sem Reykjavíkurborg og Veitur eiga.

Leit að heimilisfangi:

Með því að smella í stikuna merkta Leit efst til hægri má leita að heimilisfangi.

Þekjur:

Undir hnappinum Þekjur í vinstra horni síðunnar  er að finna fjöldann allan af þekjum sem flokkaðar eru niður í 14 flokka.

Til að auðvelda sér leitina má skrifa inn leitarorð í gluggann merktan Þekjuleit (sjá mynd).





Í þessu dæmi munum við kveikja á lóðamörkum, en þau eru að finna undir flokknum Hús og lóðir. Næst er hakað í Kassann við Lóðamörk. Hægt er að þysja á svæði sem á að skoða. Lóðamörkin eru annarsvegar rauð og hinsvegar blá. Ef spurningar kvikna um gögnin á kortinu má smella á hnappinn skýringar, neðsti hnappurinn í vinstra horni. 

Þá opnast skýringargluggi. Hér má sjá hvers vegna lóðamörk eru annarsvegar rauð og hinsvegar blá.



Breyta grunnkorti:

Til að skipta um bakgrunnskort er smellt á hnappinn Grunnkort næst efst í vinstra horni síðunnar. Hér er hægt að velja þrenns konar kort, loftmyndakort og loftmynd.

Upplýsingar á korti:

Með því að smella á línur, svæði eða tákn á kortinu má fá nánari upplýsingar – t.d. mæliblöð lóða, aðal- og séruppdrætti húsa, byggingarár og íbúafjölda í húsum, fjölda þeirra sem fara framhjá teljurum á stígum, hvenær gras var síðast slegið, osfrv. osfrv.

Dæmi:

Smellt er á hús og gluggi opnast þar sem hægt er að skoða upplýsingar á bakvið húsið eða lóðina. Veljið annað hvort og nú opnast gluggi með ýmsum upplýsingum, svo sem grunnskólahverfi, flatamál lóðar og landeignanúmer. Einnig er hægt að smella á hlekki og opna uppdrætti, deiliskipulag, mæli- og hæðarblöð.



Til að losna við gula kassann er smellt á strokleðrið hægra megin á síðunni

Ýmis tól:

Ef smellt er á  í hægra horni opnast gluggi með ýmsum tólum.



1. 360 götusýn: smellt á tólið og síðan á tiltekinn stað á kortinu og þá opnast 360 gr myndir á ja.is.
2. Leiðabestun: hér er hægt að sjá stystu leið milli staða og eins hægt að sjá hversu langt maður kemst á ákveðnum tíma.
3. GPS – hægt að hlaða upp gpx skrá úr síma eða úri
4. Prófíll: Smellt er á tólið og síðan er teiknuð lína á kortið með því að smella og tvísmella til að loka línunni. Þá birtist gluggi sem sýnir hækkun og vegalengd í metrum.
5. Tímavél: hér er hægt að skoða kort og loftmyndir aftur í tímann og bera saman við nýjustu kort eða loftmyndir.
6. Eigindaleit: hæg að kafa aðeins nánar í gögn með sql-fyrirspurnum
7. Tengill: Hér er hægt að afrita slóð og senda þá fylgir bæði staðsetning og þau þemu sem kveikt er á, ásamt því sem teiknað hefur verið (sjá nánar í lið 10)
8. Teikningar: Smellt er á tólið og síðan á kortið til að sjá t.d. mæliblöð og aðaluppdrætti húsa (líka hægt að sjá það án þess að nota þetta tól).
9. Mæla: Þegar smellt er á tólið opnast lítill gluggi þar sem hægt er að velja á milli þess að mæla vegalengd, flatarmál eða finna hnit.
10. Teikna: Hér er hægt að teikna inn á kortið t.d. ef á að leggja áherslu á eitthvað. Síðan er hægt að senda tengil með krotinu inn á kortinu (sjá lið 7).
11. Prenta: Býr til einfalt pdf eða jpg kort af því sem er á skjánum.
12. Vefsjár: Möguleiki á að fara yfir í aðrar vefsjár, svo sem framkvæmdakort, Skipulagssjá ofl.

Skipulagssjá:

Þá er það Skipulagssjá https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/ . Hún opnast með gildandi aðalskipulag Reykjavíkur, og með því að smella á svæði má sjá stutta greinargerð og tölfræði um svæðið. Með því að smella á ‚Grunnkorta' hnappinn (næst efst til vinstri) er hægt að skipta yfir í deiliskipulag. Smella þar á svæði og fá upplýsingar um deiliskipulög. Tólin sem eru hægra megin í Skipulagssjá eru þau sömu og í Borgarvefsjá.

Framkvæmdasjá:

Næst ber að telja upp Framkvæmdasjá https://reykjavik.is/framkvaemdir . Þar er hægt að sjá stærri framkvæmdir, malbikun og afnotaleyfi í borginni. Hægt að haka í hvort framkvæmdir birtist sem eru framundar, í gangi núna eða lokið. Með því að smella á línur eða svæði er svo hægt að fá nánari upplýsingar.

Að lokum er svo rétt að nefna að við höfum fjölda annarra minni vefsjáa og mælaborða sem ætlaðar eru fyrir einstök sérhæfð verk, t.d. fyrir uppsetningu skilta og lokana fyrir menningarnótt, mælaborð fyrir lykiltölur í rekstri, sjár til að skrá inn hreinsun gatna, grasslátt og framvindu yfirborðsmerkinga gatna.

Allar þessar vefsjár birta gögn úr landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR) en það er samvinnuverkefni USK, OR og Mílu.